

Hulda Kristjánsdóttir

From: Sjóðurinn Góði góði <sjodurinnودي@gmail.com>
Sent: mánudagur, 21. október 2024 22:16
To: gogg@gogg.is; radhus@radhus.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is;
hruni@fludir.is; skeidagnup@skeidagnup.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; Móttaka
Hveragerði; olfus@olfus.is
Attachments: bref til sveitafélaga.docx

Í von um góðar undirtektir. sjá bréf

Selfossi 21.10.2024

Ágæti viðtakandi

Nú leitum við til sveitafélaga í Árnessýslu um styrk í sjóðinn góða. Þess má geta að við úthlutum í öll sveitafélög á okkar svæði.

Sjóðurinn góði veitti styrki úr sjóðnum í desember 2023 að upphæð 14.203.000 kr.

Sjóðurinn góði var stofnaður 2008 í kjölfar bankahrunsins.

Sjóðurinn er samstarfverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, kirkjusókna, félagsþjónustunnar í Árnessýslu og deilda Rauða krossins í Árnessýslu.

Hlutverk sjóðsins góða er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðpurftum fyrir jólin og einnig á vormánuðum fyrir fermingar.

Starfshóp skipa fulltrúar áðurnefndra aðila og Hjálparstofnun kirkjunnar skipuleggja umsóknarferlið og annast úthlutun. Stuðst er við viðmið Hjálparstofnunar kirkjunnar varðandi mat á umsóknum.

Úthlutað er í desember úr sjóðnum vegna undirbúning jólanna og á vormánuðum vegna ferminga.

Hægt er að leggja inn á Sjóðinn góða allt árið um kring -325-13-301169 kt.560269-2269.

Það er von okkar að þið bregðist við og leggið sjóðnum lið með fjárframlagi.

Starfshópur Sjóðsins góða.

Það er von okkar að sveitafélögin láti sig varða þessa neyð fólks í samfélaginu.